# Hvernig er hægt að bæta kennitölu við pöntun í bakenda

Síðast uppfært 05/11/2026 9:53 am GMT


Stundum þarf að bæta við kennitölu á kvittun eftir að viðskiptavinur er farinn af staðnum og senda hana í gegnum bakenda SalesCloud, það er hægt með þessum skrefum hér.

Byrjaðu á því að skrá þig inn á **hq.salescloud.is**.


Ef viðskiptavinurinn er ekki þegar skráður í SalesCloud þarf að stofna hann áður en haldið er áfram. Hér má finna leiðbeiningar um hvernig á að stofna nýjan viðskiptavin.

Farðu í **Sales → Orders**.
Finndu pöntunina sem þú vilt uppfæra með því að filtera eftir tímasetningu eða upphæð. Smelltu á bláu order tölurnar til að opna pöntunina.

Hægra megin á skjánum eru upplýsingar um viðskiptavin. Til að bæta honum við pöntunina velur þú Assign Customer




Þegar þú hefur smellt á það þarftu að leita eftir viðeigandi viðskiptavin með því að setja inn nafn eða kennitölu. Um leið og nafn viðskiptavinar er valið uppfærist pöntunin með viðeigandi upplýsingum.




Kvittunin fyrir pöntunina mun nú sýna rétt **nafn og kennitölu** viðskiptavinarins og hægt er að senda hana beint á viðskiptavin með því að smella á "**Receipt**" efst í hægra horninu.